

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 350. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 30. nóvember 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 15:00**.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerðir 2., 3., 4., 5., 6., 7., 8., 9. og 10. fundar sameiningarnefndar, dags. 4., 11., 18. og 27. október, 1., 8., 15., 22. og 26. nóvember 2021.
- 2) Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar.
- 3) Minnispunktar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 26. nóvember 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

2. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 4. október 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atlí Svansson og Björn H Hilmarsson. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Í upphafi fundar bar Kristinn upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.
- 2) Kosning formanns sameiningarnefndar: Tillaga kom um að Eggert tæki að sér formennsku og var það samþykkt samhljóða. Tók hann við stjórн fundarins og kom með tillögu um Júníönu sem varaformanni. Var það samþykkt.
- 3) Tók Róbert Ragnarsson nú við og fór yfir næstu skref, en búið er að ganga frá því að RR ráðgjöf sjái um verkefnisstjórн og ráðgjöf.
- 4) Markmið verkefnisins er að leggja mat á kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna og fara yfir kostnaðinn við það. Lagði hann fram tillögu að tímaáætlun þar sem kjördagur er 12. febrúar 2022.
- 5) Lagði til að ákveðin yrðu áherslumálefni , 3-5 eftir þörfum, og að myndi kalla til sín lykilhagsmunaaðilar og starfsfólk á þeim málefnaviðum. Þar yrðu rædd ákveðin málefni sem lögð væri áhersla á í sameiningarviðræðunum. Þetta yrði unnið í október – nóvember.
- 6) Stórt mál: skólamál á sunnanverðu nesinu, finna lausn á stjórnsýslunni, skipulagsmál, o.s.frv.
- 7) Íbúafundir verða haldnir eftir fundi lykilhópanna. Sýn hópanna á mögulega sameiningu verði kynnt. Hægt að halda fundina í gegnum beint streymi og ábendingar sendar inn rafrænt.
- 8) Alltaf sömu áhyggjurnar: hvar er stjórnsýslan? hvað verður um skólana? af hverju þessi tillaga? af hverju ekki eitthvað annað? Á íbúafundum verður hægt að ræða þetta
- 9) Samkvæmt tímalínu stendur nú yfir undirbúnингur, en í des/jan þarf að auglýsa að kosning eigi að fara fram 12. febrúar og þá fer af stað 3-4 vikna kynningarferli. Ef þetta verður staðfest þá hefst innleiðingin og það er ákveðinn sprettur. Ágætt að byrja strax að hugsa til að einfalda það. Ef ákveðið er að nota Snæfellsbær sem nafn, kennitala Snæfellsbæjar notuð, sama fjárhagskerfi og fjármálakerfi notað – þá myndi það auðvelda innleiðinguna. Frá febrúar og fram til sveitarstjórнarkosninga 14. maí, verður mjög mikið að gera. 1. júní myndi ný bæjarstjórн sameinaðs sveitarfélags taka við.
- 10) Sameiningarkosningar fara fram á nákvæmlega sama hátt og sveitarstjórнarkosningar. Sama kjörskrá, kjörnefndinar okkar sjá um þetta og telja atkvæðin. Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er nákvæmlega eins – það verður hægt að kjósa hjá öllum sýslumönnum á landinu og námsmenn erlendis, t.d., geta kosið í ræðismannsskrifstofum í sínu landi. Yfirleitt er valinn sérstakur kjörstjóri sem má taka við utankjörfundaratkvæðum – í Snæfellsbæ er fulltrúi sýslumanns í ráðhúsinu og tekur við atkvæðum en í Eyja- og Miklaholtshrepp er það formaður yfirkjörstjórnar.

- 11) Í nóvember þarf að taka ákvörðun um kjördag, hvort sem það verður 12. febrúar 2022 eða annar dagur. Sveitarstjórnirnar taka ákvörðun um kjördag í tveimur umræðum, skv. álti frá sameiningarnefndinni.
- 12) Þó búið sé að stilla upp sýn fyrir sameinað sveitarfélafag, t.d. að skólarnir verði sameinaðir í einn, þá er það ný sveitarstjórni sem tekur endanlega ákvörðun um allt. Þ.e. ákvarðanir og uppstillingar þessara sveitarstjórnar og þessarar sameiningarnefndar, eru ekki bindandi fyrir nýja sameinaða sveitarstjórni sem myndi taka við eftir sveitarstjórnarkosningar.
- 13) Róbört sýndi kostnaðaráætlun miðaða við 25 klt á mánuði í verkefnastjórn, þannig að kostnaður við hana verði um 7-7,5 m.kr. sem allt fæst bætt úr Jöfnunarsjóði. Athuga að sveitarfélögin fá endurgreiddan vsk af sérfraðiþjónustu, sem RR ráðgjöf fellur undir.
- 14) Annað hvort sveitarfélagið tekur að sér umsýsluna. Framlög Jöfnunarsjóðs kemur þar inn og sama sveitarfélafag greiðir allan kostnað. Snæfellsbær sagðist geta tekið að sér aðr að sjá um umsýsluna og var það samþykkt samhljóða.
- 15) Sameiningartillaga auglýst í Lögbirtingarblaðinu, Skessuhorni og Jökli í desember. RR ráðgjöf sér um auglýsinguna þegar búið er að samþykkja sameiningartillöguna í tveimur umræðum í bæjarstjórn.
- 16) RRráðgjöf semur kynningarefni um sameiningartillöguna og kaupir auglýsingar og umfjöllun í staðarblöðunum. Skessuhorn myndi henta betur í því tilviki, svo framarlega sem hægt er að semja um ókeypis dreifingu á öll heimili í sveitarfélögunum báðum. Spurning um Jökul.
- 17) Eftir íbúafund um miðjan janúar – er þörf á að láta heilan mánuð líða til kosninga? Róbört segir nei, en það þurfa að líða a.m.k. 8 vikur frá auglýsingu til kosninga. Allir nefndarmenn sammála um að láta ekki of langan tíma líða frá íbúafundi til kosninga. Tækifæri til að stytta þann tíma um 1-2 vikur.
- 18) Róbört fór yfir kostnaðaráætlun verkefnisins sem hljóða upp á rúmar 17,6 milljónir. Á móti koma framlög frá Jöfnunarsjóði miðað við framvindu verkefnisins. Stundum kallað eftir reikningum og stundum ekki – en framlögini miðast við raunkostnað. Hægt er að fá greitt hluta af framlaginu fljóttlega, en lokagreiðslan fer fram þegar raunkostnaður liggur fyrir að loknu verkefninu.
- 19) Eggert og Róbört senda bréf til Jöfnunarsjóðs þar sem óskað er eftir framlagi skv. framlagðri kostnaðaráætlun. Nefndin var sammála um að Róbört geri drög að bréfi, sem formaður (Eggert) sendir síðan á Jöfnunarsjóð í framhaldinu.
- 20) Næstu skref: lista upp áhersluatriðin/málefni. Gera má ráð fyrir fræðslumálum, sem er mjög stórt mál í sveitarfélögunum, stjórnskipulagi og fjármálum, skipulagsmálum, o.fl. Eggert stakk upp á að byrja á fræðslumálunum og fá Hilmar, skólastjóra GSNB, Rósu, deildarstjóra á Lýsuhóli, og Sigurð, skólastjóra í Laugagerði, inn á næsta fund sameiningarnefndar. Fræðslumálin eru stærsta málefnið sem fjalla þarf um.
- 21) Rætt um mönnunarmál í sameiningu sveitarfélaganna.
- 22) Lista upp hvaða væntingar og áhyggjur fólk hefur. Hvaða spurningum þurfum við að svara? Þetta eru hlutir sem samstarfsnefndin þarf að geta svarað.

23) Næsti fundur verður kl. 9:00 mánudaginn 11. október í gegnum fjarfund. Róbert tekur að sér að senda út næsta fundarboð. Kristinn hefur samband við sína skólastjórnendur og Eggert við sinn. Netföngunum þeirra verður komið til Róborts svo hægt sé að boða fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

3. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 11. október 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson og Björn H Hilmarsson, Sigurður Jónsson, Freyja Sigurgeirsdóttir, Rósa Erlendsdóttir og Hilmar Már Arason. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert bauð fundarmenn velkomna og útskýrði að þessi fundir væri til að heyra hljóðið í skólastjórnendum í tengslum við hugsanlega sameiningu.
- 2) Hilmar Már Arason, skólastjóri Grunnskóla Snæfellsbæjar, Rósa Erlendsdóttir, deildarstjóri á Lýsuhóli, tóku við og fóru yfir skólamál í Snæfellsbæ. Einn grunnskóli með þrjár starfsstöðvar. Rósa fór yfir það hversu mikilvægt það væri fyrir Lýsudeildina að baklandið væri sterkt, þ.e. foreldrar tækju virkan þátt í skólasamfélaginu. Það væri ómetanlegt fyrir lítinn skóla. Á Lýsuhóli eru 1-10 bekkur, kennt í 2 deildum, en þar er líka leikskólasel.
- 3) Sigurður Jónsson, skólastjsjóri á Laugagerði, tók við og fór yfir skólamál í Laugagerðisskóla. Sagði eins og Rósa að skólinn byggði á góðu samstarfi við foreldra og þar væru allir mjög virkir. Á Laugagerði er 1-10 bekkur, kennt í 2 deildum. Engin leikskólabörn núna, en það er boðið upp á leikskólasel ef leikskólabörn eru í sveitinni.
- 4) Róbert tók við.
 - Bæði sveitarfélögin, og þar með skólanir, eru að nýta þjónustu Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga. Reglulega koma talmeinafræðingur, sálfræðingur og námsráðgjafi í skólana á vegum FSS.
 - Samstarf er á milli skólastjórnenda á Snæfellsnesi, en Laugagerðisskóli hefur meira haldið sig við Borgarbyggð og litið sem ekkert mætt á fundi á Snæfellsnesinu. Eggert sagði að það hefði samt verið gott samstarf milli Laugagerðisskóla og Lýsuhólsskóla. Bæði milli starfsfólks og þó sér í lagi á milli krakkanna, sem þýðir að þau þekkjast ágætlega.
 - Rætt var um skólaakstur: 2 bílar keyra í Laugagerðisskóla og sama sagan er í Lýsuhólsskóla. Svæði Lýsuhólsskóla nær frá Hellnum í vestri að Stekkjarvöllum í austri, þó svo að í dag séu engin börn á bæjum lengst í vestur né heldur lengst í austur. Í Laugagerði eru að koma börn frá Borgarnesi. Vestasti bærinn er Hofstaðir og Hítarnes er næst Borgarnesi.
 - Kristinn tók fram að Tónlistarskóli Snæfellsbæjar er að sinna tónlistarkennslu í Laugagerði eins og boðið er upp á á Lýsuhóli. Jafnframt sagði hann frá því að það stæðu til breytingar á leikskólastarfí og fyrirhugað sé að leikskólastarf á Lýsuhóli standi yfir í 5 daga og fylgi þar með yngri deildinni.
 - Eggert spurði um leikskólabörn í skólabílunum, en þau fara ekki með honum, enda ekki pláss. Rósa sagði að það þyrfti að stækka töluvert bílana ef svo ætti að vera - en þau væru gríðarlega ánægð með skólabílana sem væru nú þegar á svæðinu. Á þessu veðursvæði þurfi að vera með afar trausta og þunga bíla og ef svo væri ekki, þá myndi skólahald falla töluvert oftast niður.
 - Róbert spurði um fristundastarf, og var því svarað að skóladagurinn væri jafnlangur hjá öllum og fristund kæmi inn í það sem starfsfólkid sái um.
- 5) Róbert fór út í hvaða breytingar væru líklegastar og æskilegastar ef til sameiningar kæmi. Og jafnframt hvað væri það sem mætti alls ekki tapast í starfi skólanna. Hilmar byrjaði og spurði hvort aðalmálið væri ekki húsnæðismál...hvort ætti að nýta húsnæðin sem til væru eða hvort ætti að

byggja nýtt miðsvæðis. Hann taldi vera frábært starf á báðum starfsstöðvum og fjársjóðurinn væri starfsfólkioð. Sigurður tók undir þetta.

- 6) Róbært spurði um tækifæri sem sameining gæfi á starfinu sjálfa. Kristinn sagði það aðdáunarvert hvernig nálgun á nemendur væri á Lýsuhóli. Oft á tíðum kæmu þangað brotnir nemendur sem þyrftu mikla vinnu. Rósa segði alltaf "gefðu mér 3 vikur" og oftast nær væri það raunin, því að á Lýsuhóli væri nálgunin á nemendur mjög nemendavæn og gæfi góða raun. Hann sagði að Snæfellsbær vildi halda öflugu skólastarfi á sunnanverðu Nesinu, og án sameiningar þá sái hann ekki fram að það yrði. Með sameiningu væri sá möguleiki fyrir hendi að halda þessu góða starfi áfram. Ef skólahaldi yrði haett á sunnanverðu Nesinu þá taldi hann að samfélagið myndi skaðast. Hann sái þetta öfluga skólastarf halda áfram með einum skóla en ekki tveimur. Eggert tók undir þetta. Spurningin væri hvort við vildum halda áfram skólastarfi á sunnanverðu Nesinu eða ekki.
- 7) Róbært spurði hvort einhver tækifæri fælust í því að skólastarf væri komið undir eitt þak...allur mannaudur undir einu þaki. Rósa sagðist lítið vera að hugsa um þetta, en Eggert sagði að með stærri og sterkari einingu þá hlytu tækifæri að felast í því. Við gætum unnið úr því að vera með stærri og öflugri einingu. Kristinn sagði að stjórarnir nytu mikils trausts og hefðu í gegnum tíðina leyst þau verkefni sem þurft hefur að leysa og því hafi hann lítið verið að skipta sér af. Sagðist vera stoltur af starfinu sem fram færi á Lýsuhóli. Sagðist ekki vita hvort menning milli skólanna væri lík eða ekki, en taldi líklegt að skólfólkioð væri það faglegt að það gæti nýtt sér það sem vel væri gert á hvorum stað fyrir sig, og fengi það frjálsræði að vinna það eins og hentaði best skólaeiningunni með þeim fyrirvorum sem fælust í fjárhagsáætlun og slíku. Hilmar sagði það mikilvægt að þessu ferli yrði gefinn sá tími sem þyrfti. Það þyrfti að nýta mannaudinn vel og kannski ekki horfa bara í peninginn.
- 8) Róbært sagði þetta vera fyrsta skrefið og hann væri kominn með grunnupplýsingar um stöðuna eins og hún væri. Það yrði fundað aftur og farið betur í þá kynningu sem þyrfti að fara í gang til íbúa í sveitarféluginu til að sýna þeim hvað yrði í boði ef af sameiningu yrði. Bað hann skólfólkioð að hafa það í huga og hugsa þessi mál vel til næsta fundar.
- 9) Víku nú Sigurður, Rósa og Hilmar af fundi.
- 10) Júníana spurði um fjölda nemenda frá Borgarbyggð í Laugagerði, en þeir eru 3.
- 11) Róbært sagðist óttast það að núna færi umræðan af stað á meðal þessarar 16 starfsmanna skólanna og eðlilega yrði fólk kvíðið og órólegt yfir sínu starfi og starfsöryggi. Eggert spurði hvort ekki væri best að funda með starfsfólkini. Róbært sagði að það væri eflaust best að leiða allt starfsfólkioð saman og leyfa þeim að koma sínu að svo þau væru þáttakendur í breytingunum. Einnig að fullvissa fólk um að engum yrði sagt upp. Eggert bað Róbært að hnippa í stjórnendur þegar tímapunkturinn er kominn til að hitta starfsfólkioð. Róbært sagðist sjá það fyrir sér að þó að ekkert yrði af sameiningu sveitarfélaganna, þá myndu þessar skólaeiningar sameinast á einhvern hátt.
- 12) Róbært fór í Félags- og skólapjónustu Snæfellinga. Þar yrði óbreytt ástand. Sama þjónustan yrði við nemendur og er í dag.
- 13) Róbært spurði hvort það væri í lagi að hann setti sig í samband við skólastjórnendur um ákveðnar upplýsingar og staðreyndir um skólanu. Eggert og Kristinn töldu það sjálfsgagt mál, en þyrfti kannski að fara varlega með viðkvæmar upplýsingar. Við skólanu hafa verið í gegnum tíðina nemendur sem hafa komið frá brotnum heimilum og eru ekki með lögheimili á svæðinu, heldur eru þau á vegum félagsþjónustunnar í lögheimilissveitarféluginu. Eggert sagði að í litlum skólum væri oft hægt að gera meira fyrir þessi börn en í stórum skólum.

- 14) Fundargerð síðasta fundar var samþykkt samhljóða.
- 15) Róbert vildi vita hvort fólk vildi að sett yrði upp vefsíða fyrir verkefnið þar sem allar upplýsingar verði birtar, eða hvort fólk vildi birta þetta á vefsíðum sveitarfélaganna. Kristinn spurði hvort það væri gott fyrir samfélagið að setja allar upplýsingar inn á vefinn...það væru ákveðnir aðila í sveitarfélögunum báðum sem tækju allt upp og settu það í frekar neikvætt samhengi. Róbert sagði að það þyrfti að vera upplýsingagjöf, en það væri tímabært að koma fréttum á framfæri um að viðræðu væru í gangi, sameiningarnefnd væri búin að hittast og verið væri að ræða fræðslumál, o.s.frv. með því að kalla inn fagaðila. Kristinn spurði hvort Róbert gæti sent á okkur almennt orðaða frétt til að birta á facebook, en líklegast væri best að vera með heimasíðu sem hægt væri að vísa í með meiri upplýsingar.
- 16) Fundarmenn sammála um að hittast næsta mánudag kl. 9:00. Þetta væri ágætur tími til að hittast. Á næsta fundi yrði farið yfir stjórnsýsluna.
- 17) Rætt var lítillega um fjallskil og smölun. Sama fyrirkomulag virðist vera í þessum málum í báðum sveitarfélögum, sem er gott, því þetta er oft viðkvæmt mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

4. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 18. október 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Björn H Hilmarsson, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirs dóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bar hann upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða.
- 2) Eggert sagði frá því að búið væri að senda bréf til Jöfnunarsjóðs, sem tók erindið snarlega fyrir og eru búnir að svara. Búið er að fá staðfestingu á styrk vegna þessarar vinnu. Við fögnum snaggaralegum vinnubrögðum hjá Jöfnunarsjóði.
- 3) Róbert sagði að nú tæki Snæfellsbær við fjárhagslegri umsýslu verkefnisins og greiddi út þann kostnað sem til felli. Hægt er að senda áætlun inn til Jöfnunarsjóðs og geta þeir borgað eitthvað fyrirfram. Þegar koma reikningar, þá þarf bæjarritari að senda þá til formanns nefndarinnar til staðfestingar. Bæjarritari sér síðan um fjárhagslega umsýslu, greiðir reikninga og heldur utan um kostnaðinn.
- 4) Kristinn sagðist vera ánægður með fréttatilkynninguna sem send var út í síðustu viku, og taldi rétt að senda út fréttatilkynningar af og til. Þarf að huga að því hvenær verði haldinn fundur þar sem íbúar fá að koma að þessari vinnu, þar sem viðbrögð fólks við fréttatilkynningunni hafi verið á þann hátt að það væri spenningur og fólk tilbúið að koma að þessu. Róbert fór yfir hugsanlegt framhald. Spurning um að taka einn fjarfund þar sem allir geta verið saman, Snæfellsbæingar og Eyja- og Miklaholtshreppingar. Eggert taldi að það væru enn einhverjur sem ekki væru tilbúnir í netfundi en í sjálfu sér væri jafnvel betra að halda fleiri fjarfundi frekar heldur en færri staðfundi. Róbert sagði að líka hafi gefist vel að halda staðfundi sem væri streymt og boðið væri upp á athugasemdakerfi fyrir þá sem mættu í streymi. Öll umræða og öll kynning er af hinu góða, og það þarf að reyna að mæta öllum. Spurning um að halda slíkan fund í nóvember.

5) Stjórnsýslan.

Eggert bað Kristinn um að byrja og lýsa stjórnsýslunni í Snæfellsbæ.

- 10 manns starfar í Ráðhúsinu á Hellissandi, en stjórnsýslan er öll á einum stað. Í Ráðhúsinu er líka aðalskrifstofa Félags- og skólapjónustu Snæfellinga, sem er með aðstöðu líka í Grundarfirði og Stykkishólmi. Í Ráðhúsinu er útibú frá Sýslumanni.
- Á Hellissandi er yngsta stig grunnskólans ásamt leikskóla og útibúi tónlistarskólans og félagsheimilið Röst. Í félagsheimilinu Röst er búið að útbúa skrifstofurými fyrir fólk sem getur stundað sína vinnu án staðsetningar. Opið skrifstofurými.
- Í Rifí er höfn, rekin af hafnarþjóði Snæfellsbæjar.
- Í Ólafsvík er hinn hlutinn af grunnskólanum norðan heiðar, þ.e. miðstig og ungingastig, ásamt leikskóla, dvalarheimili, bókasafni, tónlistarskóla, áhaldahúsi, höfn og hafnarþrifstofu, félagsheimilinu á Klifi, sundlaug og íþróttahúsi ásamt knattspyrnuvelli og Smiðjunni, sem er starfsaðstaða fyrir fatlaða.
- Verið er að byggja þjónustuþbúdir fyrir fatlaða í Ólafsvík.
- Snæfellsbær rekur þjár vatnsveitur, Ólafsvík, Rif og Hellissandur og svo á Arnarstapa.
- Á Hellissandi og í Ólafsvík eru um 35-40 íbúðir í eigu Snæfellsbæjar sem eru leigðar út, oft vegna félagslegra aðstæðna, og svo eru fjórar íbúðir fyrir 60+.
- Sunnan heiðar er Lýsuhólsskóli og sundlaug ásamt félagsheimili.

- Á Arnarstapa er höfn og starfsemi hafnarsjóðs. Þar er líka vatnsveita sem verið er að byggja upp, ásamt því að við þjónustum rotþrær á sumarbústaðasvæðinu, auk annar þjónustu.
- Snæfellsbær á fasteignir á Gufuskálum sem hafa verið leigðar út til ferðaþjónustufyrirtækis.
- Í Klifi fer m.a. fram félagsstarf eldri borgara. Snæfellsbær sér eldriborgurum fyrir tómstundahúsnaði á ýmsum stöðum í Ólafsvík. Snæfellsbær sér um tómstundastarf eldri borgara í Klifi á miðvikudögum og sundleikfimi tvísvar í viku.
- Í Ólafsvík er Pakkhúsið, en á neðri hæðinni er verslun á meðan á efri hæðunum eru gamlar sýningar. Við rekum Áttagastofu í Ólafsvík þar sem er upplýsingarmiðstöð ferðamanna á sumrin.
- Snæfellsbær er með verktaka í sorpmálum og hann rekur líka móttökustöðuna í Ólafsvík. Við erum með 2 tunnar, almennt og endurvinnslu, en erum búin að bíða í 2 ár að koma lífræna sorpinu í sértunnu, en nú er komin niðurstaða í regluverkið. Sama system og E&M varðandi gáma í dreifbýlinu.
- Snæfellsbær er að reka tjaldstæði, bæði í Ólafsvík og á Hellissandi. Það er verktaki sem sér um þau.. Aðstaðan er orðin mjög góð á báðum stöðum.
- Snæfellsbær niðurgreiðir líkamsrækt eldri borgara og líkamsrækt starfsmanna, auk þess að vera með frístundastyrk fyrir börn. Greiðum akstursstyrk til fólks sem keyrir börn sín í frístund úr dreifbýli. Borgum líka heimgreiðslur til foreldra fyrir börn 9-18 mánaða.
- Snæfellsbær er með aksturskerfi í þéttbýli. Erum með rútur á ferðinni frá 7:45 á morgnana til 7 á kvöldin, á klukkutímafresti seinni partinn, örar á skólatíma, öllum frjálst að nota þetta. Keyrum eldri borgarana í félagsstarf og keyrum í félagsmiðstöðina þau kvöld sem hún er opin, Félagsmiðstöðin er á Hellissandi.
- Nefndakerfið er á netinu. Engar nefndir hafa fullnaðarafgreiðsluheimild. Allir forstöðumenn eru hins vegar með fullnaðarafgreiðsluheimildir fyrir sínar stofnanir.
- Í tæknideildinni er byggingarfulltrúi og aðstoðarmann byggingarfulltrúa. Við erum líka með mannesku sem sinnir öllum skipulagsmálum hjá okkur..
- Snæfellsbær rekur slökkvilið með 20 slökkviliðsmönnum skráðum. Slökkviliðsstjóri er í 20% starfi, aðstoðarslökkviliðsstjóra og varðstjóra í 10% starfi hvor. Samstarfssamningur við slökkvilið á nesinu og í Borgarbyggð vegna stærri útkalla .
- Sveitarfélögin á Nesinu reka sameiginlega Svæðisgarð, sem er alltaf að eflast. Höfum verið að byggja í kringum hann á Breiðabliki – sem er hliðið inn á Snæfellsnes. Breiðablik er vaxandi staður í ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.
- Snæfellsbær hefur átt gott samstarf við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul.
- Sveitarfélögin reka EarthCheck umhverfisvottun sameiginlega sem er með einn starfsmann.
- Snæfellingar eru að reka byggðasamlag Snæfellinga sem er nánast umsýslan um Norska húsið í Stykkishólmi.
- Snæfellingar eiga Jeratún, eignarhaldsfélag um Fjölbautarskóla Snæfellinga í Grundarfirði.

Eggert fór yfir stjórnsýsluna hjá Eyja- og Miklaholtshrepps.

- Skrifstofan er á heimili oddvita en kominn er líka aðstaða á Breiðabliki. Oddviti sér um alla umsýslu er samningur í gangi við KPMG sem sér um að borga og bóka reikninga. Advania sér um að reikna út fasteignagjöldin, sendir síðan skránnna til oddvita sem keyrir það inn í heimabankann en þá myndast kröfur hjá eigendum fasteigna. Skrifstofan er einn maður.
- Byggingarfulltrúi er frá og með núna sameiginlegur með Grundarfirði, Stykkishólmi og Helgafellssveit.
- Kaupa þjónustu af Borgarbyggð varðandi brunavarnir.
- Eru með aðild að dvalarheimilinu í Borgarnesi. Taka ekki þátt í rekstrinum.

- Eru aðilar að Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
 - Reka grunnskóla í Laugagerði og eiga þær fasteignir ásamt landi þar í kring. Þar eru m.a. íþróttahús og sundlaug.
 - Sjálfbær með heitt vatn (hitaveita), það er borhola á svæðinu.
 - Eiga Breiðablik þar sem rekin er Gestastofa Snæfellinga í gegnum Svæðisgarðinn. Húsinu var breytt og lagað og þar er rekið “ferðaþjónustuklósett” sem opið er allan sólarhringinn allan ársins hring.
 - Eiga ljósleiðakerfi og reka það.
 - Veita sorpjónustu, almennt sorp og endurvinnslu. Sorp hirt á mánaðarfresti á veturnar og 2 vikna fresti á sumrin. Hafa líka verið með gáma yfir sumartímann fyrir annað sorp. Velti fyrir sér að vera með samning við önnur sveitarfélög, t.d. Borgarbyggð eða Snæfellsbæ, að íbúar fái að koma með sitt sorp á móttökustöðvarnar.
 - Hreppurinn sér um rotþrær og rukkar rotþróargjald. Rotþróagjöldin eru rukkuð á hverju ári en verktaki sem sveitarfélagið er með samning við kemur á 3 ára fresti og hreinsar úr rotþrónum. Bíll á vegum hreppsins kemur árlega til að tæma.
- 6) Róbert spurði um gjaldskrár. Í E&M er sameiginleg gjaldskrá fyrir sorpreinsun og rotþróarhreinsun og þetta er á pari við kostnað.
- 7) Nefndir: Í Snæfellsbæ eru nokkrar nefndir, skv. bæjarmálasamþykkt, en ekki allar eru virkar. Fræðslunefnd, umhverfis- og skipulagsnefnd, menningarnefnd, íþróttar- og æskulýðsnefnd og öldungaráð eru virkastar. Allar þessar nefndir eru með starfsmann. Aðrar nefndir funda lítið sem ekkert. Landbúnaðarnefnd kemur saman einu sinni á ári og telst virk þar sem hún sinnir sínu hlutverki þar. Fundargerðir nefndar eru afgreiddar í bæjarstjórn, en erindi nefnda þurfa að berast í sérstöku bréfi, þau eru ekki afgreidd í gegnum fundargerðir. Í E&M eru þrjár nefndir sem starfa eitthvað, skólanefnd, skipulags- og byggingarnefnd og landbúnaðarnefnd. Aðrar nefndir eru lítið sem ekkert að funda. Tillögur fara til hreppsnefndar, þær þurfa að koma í bréfi en ekki í fundargerð, alveg eins og í Snæfellsbæ.
- 8) Róbert sagði að samlegðin lægi í skrifstofuhaldinu. Samningur E&M um byggingar- og skipulagsfulltrúa er alveg nýr, en uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Þetta fyrrkomulag verður keyrt í gang, en ef af sameiningu yrði, þá myndi þetta falla inn í batteríið hjá Snæfellsbæ.
- 9) Róbert: er ástæða til að huga að einhverju eins og t.d. sérstök dreifbýlisnefnd eða mannahald fyrir sunnanvert nesið? Kristinn: við höfum lagt áherslu á að við séum eitt sameiginlegt sveitarfélag þannig að það sé ekki “við og þið” heldur bara “við”. Mjög kraftmiklar konur í dreifbýlinu sem hafa verið að draga vagninn í ansi mörgum málum, ekki fyrir dreifbýlið, heldur fyrir Snæfellsbæ og samfélagið sem heild. Eggert sagði að boðleiðir yrðu að vera skýrar og aðgangur að stjórnsýslu þannig að engum finndist hann utanveltu. Þetta er eitthvað sem þarf að hugsa vel. Allar leiðir þurfa að vera skýrar.
- 10) Róbert: þarf að vera að hægt að svara fólk...hversu margir verða í sveitarstjórn? missir einhver áhrif? hverjar verða áskoranirnar? af hverju munu íbúar Eyja- og Miklaholtshrepps hafa áhyggjur? hvernig verður staðið að skólamálum? Eggert og Kristinn sammála um að það þýði ekki að hafa opna kynningu fyrr en komin eru svör við þessum spurningum. Á næsta fundi þarf að vera búið að hugsa hvernig ætti að svara þessum spurningum. Heimfæra það sem við höfum rætt og útfæra það sem verður jákvætt fyrir fólk.

11) Næsti fundur haldinn á sama tíma næsta mánudag, 25. október.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:21

5. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 27. október 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirsdóttir. Júnína létt vita að hún myndi mæta of seitn. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Bar hann upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða. Róbert gerði þá athugasemd í 4. lið að sett væri inn að fundurinn yrði í nóvember.
- 2) Grunnhugmyndin með þessum fundi var að yfir þær spurningar og punkta sem ræddir voru á síðasta fundi. Róbert fór yfir þær og fulltrúar sveitarfélaganna svöruðu.
- 3) Rætt um stjórnsýslu, mögulegan fjölda í bæjarstjórn og þörfina á góðu upplýsingarflæði til íbúa. Stjórnsýslan þarf að virka þannig að íbúar finni að hlutirnir séu að gerast og að það sé stöðugleiki.
- 4) Rætt var um gjaldskrár og mismun á þeim milli Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps. Þær eru svipaðar, en þar sem er munur þarf að samræma.
- 5) Rætt um skólamál og nauðsyn þess að styrkja dreifbýlið með sterkum skóla á sunnanverðu Snæfellsnesi. Rætt um mögulega staðsetningu á þeim skóla.
- 6) Rætt um skipulagsmál. Í Snæfellsbæ í dag er bæði dreifbýli og þéttbýli, og hefur sveitarfélagið reynslu af skipulagsmálum fyrir dreift sveitarfélag.
- 7) Rætt um Breiðablik. Nefndarmenn sammála um að það sé hliðið inn á Snæfellsnes og þar þurfi að vera starfsemi. Samfélagið er ekki bara þéttbýli, heldur samvinna dreifbýlis og þéttbýlis.

Júníana kom nú inn á fundinn.

- 8) Rætt meira um skólamál og þau svör sem þurfa að liggja fyrir þegar íbúar fara að spryrja hvernig þessum málum eigi að vera háttað í sameinuðu sveitarfélagi. Skólarnir eru hjartað í dreifbýlinu og þurfa að vera sterkir.
- 9) Róbert: samráðsfundur í nóvember – þar geta íbúar komið með sína sýn á skólamálin.
- 10) Eggert: komið gott í dag. Næsti fundur verður mánudaginn 1. nóvember. Þar verður stillt upp fundarplani og hugsað um aðra málaflokka, t.d. ferðaþjónustu, Svæðisgarð, skipulagsmál, Breiðablik og mögulega aðrir málaflokkar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:05

6. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 1. nóvember 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson (mætti undir 4. lið), Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirs dóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Samþykkt að fresta afgreiðslu síðustu fundargerðar þar til næst þar sem hún barst fundarmönnum ekki fyrr en í morgun.
- 2) Róbert fór í gegnum tímalínu verkefnisins. Búið er að fara nokkuð yfir skólamál og stjórnsýslu, þó enn eigi eftir að setja botninn á það. Nú þarf að ræða fjármál, skipulagsmál, ferðaþjónustu og fleira. Um miðjan nóvember verður tilbúið kynningarefni fyrir íbúafund sem fyrirhugaður verður þann 16. nóvember. Samstarfsnefndin skilar síðan álití sínu þann 29. nóvember. Eftir að það álit hefur farið í gegnum tvær umræður í sveitarstjórn hittist samstarfsnefndin aftur, þann 16. desember, og eftir það fer í gang kynningarferli. Íbúafundir verða í kringum 24. janúar og kjördagur yrði 12. febrúar. Fundarmenn samþykktu framlagða tímalínu athugasemdalaust.
- 3) Stjórnskipulag er komið á hreint.
- 4) Rætt um skólamál og spunnust umræður um hugsanlegar lausnir. Rætt um húsnaði núverandi skóla á Laugagerði og Lýsuhóli, ástand þeirra og hugsanlegt framtíðarhúsnæði skóla, ásamt hugsanlegum möguleikum á nýtingu þess, eða þeirra, bygginga sem ekki verða nýtt í framtíðar-skólahúsnæði sameinaðs sveitarfélags á sunnanverðu Snæfellnesi.
- 5) Rætt um gjaldskrármál vegna fasteignagjalda og hugsanlegar lausnir á að skapa samræmi þar.
- 6) Rætt um hitaveitu í Eyja- og Miklaholtshreppi.
- 7) Rætt um skipulagsmál. Spurning hvort þurfi að sameina aðalskipulög. Rætt um hvaða hugsanlegar breytingar gætu orðið fyrir íbúa sveitarfélagsins, t.d. uppbygging ferðaþjónustu.
- 8) Róbert: munu íbúar koma og spryrja hvort þeir séu hluti af þjóðgarðinum? Kristinn: enn sem komið er nær þjóðgarðurinn ekki það langt í austur. Það eru engin áform ennþá um stækkun á þjóðgarðinum. Svæðisgarðurinn: spurning um UNESCO Biosphere – en verið er að huga að því að fá vottun sem slíkt svæði. Svæðisgarðurinn er sniðinn fyrir þetta verkefni, en það eru ekki allir sammála í þeim sveitarfélögum sem standa að Svæðisgarðinum. Svæðisgarðurinn er alltaf að verða mikilvægari í umhverfismálum á landsvísu, bæði fleiri sem leita til hans og meiri peningar sem fylgja verkefnunum.
- 9) Eggert: komið gott í dag. Næsti fundur verður mánudaginn 8. nóvember. Þar verður farið aðeins betur yfir skipulagsmálin, svo fjármál og fleira.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

7. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 8. nóvember 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirs dóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Rætt var um fundargerðir. Samþykkt að fresta afgreiðslu síðustu tveggja fundargerða til næsta fundar.
- 2) Farið var yfir minnisblað um skipulagsmál. Allir sáttir við framlagt minnisblað.
- 3) Rætt um skólamál og farið yfir minnisblað um það hvað hefur verið rætt í þessum málaflokki hingað til. Nokkur umræða skapaðist um framtíðarsýn í skólamálum á sunnanverðu Snæfellsnesi. Rætt um reglur sem heimila nám í leikskóla og/eða grunnskóla utan lögheimilissveitarfélags. Nefndarmenn sáttir með að núverandi reglur Snæfellsbæjar myndu gilda fyrir sameinað sveitarfélag.
- 4) Rætt um fjármál og farið yfir drög að minnisblaði varðandi þau. Fjárhagsleg staða beggja sveitarfélaga er nokkuð góð. Rætt um samræmingu gjaldskráa, sér í lagi gjaldskrá fasteignagjalda.
- 5) Í lok fundar. Næsti fundur verður fimmtudaginn 11. nóvember kl. 9:00. Þar verður farið í undirbúning fyrir opinn íbúafund sem haldinn verður þriðjudaginn 16. nóvember í Breiðabliki kl. 20:30 til 22:00. Fundinum verður streymt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:07

8. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 15. nóvember 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirsdóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Mál dagsins var dagskrá opna íbúafundarins sem haldinn verður á morgun, þriðjudaginn 16. nóvember kl. 20:30.
- 2) Róbert fór yfir heimasíðu verkefnisins sem er að fara í loftið.
- 3) Róbert fór yfir kynninguna sem farið verður yfir á íbúafundinum og fyrirkomulag hans.
- 4) Næsti fundur nefndar verður mánudaginn 22. nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50

9. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 22. nóvember 2021 kl. 9:00 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirs dóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Róbert fór yfir niðurstöðu samráðsfundarins sem haldinn var síðastliðinn þriðjudag. Mætingin var góð, bæði á Breiðabliki og í streymi. Umræður í sal voru góðar. Snýst fyrst og fremst um skólamál, en svo veltir fólk fyrir sér hvort ekki eigi að fara í sameiningarviðræður alls Snæfellsness í stað einungis þessara tveggja sveitarfélaga. Samstarfsnefndin er sammála um það að þegar og ef farið verður í sameiningarviðræður alls Snæfellsness, þá sé það kostur og styrkur fyrir dreifbýlið ef sameinaður Snæfellsbær og Eyja- og Miklaholtshreppur sé þegar búinn að byggja upp sterkara dreifbýli og sterkan dreifbýlisskóla á sunnanverðu Sæfellsnesi.
- 3) Róbert fór yfir þær spurningar og athugasemdir sem komu fram á og eftir samráðsfundinn. Farið var yfir svör við þessum spurningum.
- 4) Farið var yfir framhaldið og skil samstarfsnefndarinnar til sveitarstjórna Snæfellsbæjar og Eyja- og Miklaholtshrepps, ásamt kynningu til íbúa sveitarfélaganna.
- 5) Næsti fundur nefndar verður föstudaginn 26. nóvember kl. 10:45, og svo á mánudaginn 29. nóvember kl. 9:00. Gert er ráð fyrir því að álit nefndarinnar fari fyrir bæjarstjórn Snæfellsbæjar og sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps til fyrri umræðu þann 30. nóvember og til seinni umræðu þann 9. desember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:10

10. fundur í sameiningarviðræðum Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar haldinn 26. nóvember 2021 kl. 10:45 í fjarfundi.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn H Hilmarsson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Róbert Ragnarsson, Eggert Kjartansson, Atli Svansson, Freyja Sigurgeirs dóttir. Fundargerð ritaði Lilja Ólafardóttir, bæjarritari Snæfellsbæjar.

- 1) Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
- 2) Teknar voru fyrir fundargerðir sameiningarnefndar nr. 5-9 og voru þær samþykktar samhljóða.
- 3) Farið var yfir skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar. Var framlagt skilabréf og álit samþykkt samhljóða og í framhaldinu vísað til fyrri umræðu í sveitarstjórnum í byrjun næstu viku.
- 4) Samþykkt að taka stuttan fund sameiningarnefndar fyrir seinni umræði í sveitarstjórnum. Verður hann mánudaginn 6. desember kl. 9:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:16